

## Sex spurningar nýsköpunar

<https://www.fastcompany.com/1679231/the-6-questions-that-lead-to-new-innovations>

Það er gjarnan sagt að nýsköpun sé kjarni sjálfbærni en það reynist ekki alltaf auðvelt að koma hugmynd yfir á framkvæmdastig.

Ef til vill væri ráð að skilgreina þessi hugtök fyrst. Nýsköpun þýðir ekki endilega að skapa eitthvað nýtt. Nýsköpun er ekki það sama og uppfinning. Nýsköpun innifelur í sér nýtt sjónarhorn á einhverju sem þegar er til og skoða hvernig megi breyta því þannig að það henti við aðrar aðstæður eða nýjum hópum með einhverjum breytingum á upprunalegu útgáfunni.

Margur spyr sig hvað nýsköpun sé og hvernig beri að skilgreina hugtakið. Margir sjá fyrir sér nýsköpun sem fyrirbæri sem nánast eingöngu tilheyri tækni og vísindum. Eins og bent hefur verið á er nýsköpun hins vegar víðtækara hugtak en svo að eingöngu sé hægt að skilgreina það með tilliti til framþróunar í tækni og vísindum því þekkingarsköpun og nýsköpun á sér stað á öllum sviðum þekkingarsamfélagsins

Í skilgreiningu sem sett var fram í Óslóarhandbók OECD um nýsköpun segir: "með nýsköpun er átt við innleiðingu nýrrar eða verulega endurbættrar afurðar (vöru eða þjónustu) eða aðferðar við markaðssetningu eða nýs skipulags í viðskiptum, á vinnustað eða í ytri samskiptum". Í Óslóarhandbókinni er greint á milli fjögurra megingunda nýsköpunar sem er lýst hér að neðan:

### **Vara**

"Þegar vara eða þjónusta, sem er ný eða verulega endurbætt hvað snertir einkenni eða fyrirhugaða notkun er kynnt á markað. Undir það falla verulegar endurbætur á tæknilýsingu, íhlutum og efnum að meðtöldum hugbúnaði, aðgengileika og öðrum hagnýtum einkennum."

### **Aðferðir**

"Innleiðingu nýrrar eða verulega endurbættrar aðferðar við framleiðslu eða dreifingu. Undir það falla verulegar breytingar á aðferðum, búnaði og/eða hugbúnaði."

### **Markaður**

"Innleiðingu nýrrar aðferðar við markaðssetningu sem felur í sér verulegar breytingar á vöruhönnun eða umbúðum, óbeinum auglýsingum, vörukynningu eða verðlagningu."

### **Skipulag**

"Innleiðingu nýrrar skipulagsaðferðar í viðskiptum fyrirtækis, skipulagi á vinnustað eða í ytri samskiptum."

Í Óslóarhandbókinni er talað um þrenns konar nýjungar: nýtt í fyrirtækinu, nýtt á markaðnum og nýtt í heiminum. Eins og bent hefur verið á eru margar útgáfur af hugtakinu til. Ein sú einfaldasta er skilgreining Goldman Sacks: "nýsköpun er fersk og virðisaukandi hugsun".

Hinar sex spurningar nýsköpunar eru:

- Hvað get ég skoðað í nýju ljósi?
  - Hvað get ég notað á öðruvísi hátt?
  - Hvað get ég fært í nýtt samhengi?
  - Hvað get ég tengt saman á nýjan hátt?
  - Hverju gæti ég breytt út frá hönnun eða virkni?
  - Hvað gæti ég skapað sem er sannarlega eitthvað nýtt?
- 
- What could I look at in a new way?
  - What could I use in a new way?
  - What could I move into a new context?
  - What could I connect in a new way?
  - What could I change, in terms of design or performance?
  - What could I create that is truly new?